

13. Stjórnarfundur Bergrisans

17. febrúar 2020

Fundur hófst klukkan 10:00 í ráðhúsi Árborgar.

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Ásta B. Ólafsdóttir varamaður í stjórn, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri. Einnig mættu forstöðumenn þjónustuvæða þær Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, Ragnheiður Hergeirsdóttir og Svava Davíðsdóttir. Þóra Þórarinsdóttir frá Ás styrktarfélagi og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögfræðingur mættu til ráðgjafar.

Gísli H. Halldórsson ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Kynning Áss styrktarfélags

Þóra Þórarinsdóttir frá Ás, styrktarfélagi, kynnti nálgun og aðferðafræði Áss við uppbyggingu búsetukjarna, en Ás rekur nokkur slík úrræði í samstarfi við sveitarfélög. Áður hefur slík kynning farið fram fyrir starfshópi Bergrisans um byggingu búsetukjarna á Selfossi.

Stjórn Bergrisans samþykkir að leita eftir samningum við Ás styrktarfélag um uppbyggingu á fyrirhuguðum búsetukjarna á Selfossi í samræmi við þá búsetukjarna sem Ás hefur þegar þróað og byggt.

2. NPA samningar og greiðslur

a. Staða NPA samninga.

Ekki er til fjármagn á fjárlögum ársins 2020 fyrir öllum þeim NPA samningum sem samþykktir voru í fyrra og því ekki til fjármagn fyrir nýjum samningum. Nú þegar eru 4 NPA samningar á svæði Bergrisans og umóknir liggja fyrir um 3 til viðbótar.

Stjórn óskar eftir yfirliti yfir NPA samninga og beingreiðslusamninga frá þjónusturáði.

b. Umsókn um NPA sem gerður hefur verið beingreiðslusamningur fyrir

Umsókn dags. 11.02.20, hjá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, er í ferli og mun send til ráðuneytisins þegar hún er tilbúin.

Þegar tilskilin gögn berast mun stjórn ljúka afgreiðslu málsins og samþykkja beingreiðslusamning í tölvupósti, eftir því sem tilefni verður til.

c. Krafa um greiðslur vegna beingreiðslusamnings á grunni SIS endurmats 2018

Fjármálastjóra falið að ganga úr skugga um að samþykktar greiðslur hafi verið framkvæmdar.

d. Reglur um NPA

Stjórn Bergrisans samþykkir framlagðar reglur um NPA samninga með minniháttar breytingum sem ræddar voru á fundinum.

e. Ósk um tilfærslur fjármagns vegna NPA samninga á milli ára.

Stjórn Bergrisans samþykkir að í ljósi sérstakra aðstæðna sem sköpuðust í samþykkt greiðslna vegna NPA samninga frá ríkinu verði ekki krafist endurgreiðslu vegna framlafa ársins 2019. Stjórn Bergrisans getur hinsvegar alls ekki fallist á nokkur hluti greiðslnanna verði færður til bókar þannig að myndi hagnað í rekstrarfélaginu, slíkur hagnaður myndi umsvifalaust koma til frádráttar greiðslum ársins 2020.

3. Fundargerðir þjónusturáðs Bergrisans

Fundargerðir frá fundum nr. 121, 122 og 123 lagðar fram til kynningar.

Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði haldinn þriðjudaginn 3. mars klukkan 14:00 í ráðhúsi Árborgar.

Fundi slitið 12:20